

Fimmtudaginn 10. október 1996.

Nr. 220/1995.

Hilda Hafsteinsdóttir

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Guðrún Margrét Árnadóttir hrl.)

Handtaka. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Arnljótur Björnsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1995 og krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.000.000 krónur, með dráttarvöxtum frá 18. mars 1993 til greiðsludags, en til vara lægri fjárhæð að mati réttarins. Hún krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en henni var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins 6. október 1995.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hin áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar stefnukrafna og niðurfellingar málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi er greint frá þeim sex tilvikum, sem mál þetta fjallar um, er urðu á tímabilinu frá 31. janúar 1988 til 24. júní 1991. Samkvæmt skýrslum lögreglunnar var áfrýjandi í hvert sinn handtekin og færð í geymslu í fangaklefa, þar sem hún var ölvuð og æst og tók ekki fortölum. Greina skýrslur lögreglunnar frá því, að hún hafi látið ófriðlega á lögreglustöðinni, verið með svívirðingar eða drykkjulæti og verið vistuð í fangageymslu til þess að hemja hana. Af lýsingum þessum, sem ekki hafa verið hraktar, er ljóst, að lögreglumenn höfðu tilefni og nægar ástæður til þess að vista áfrýjanda í fangaklefa í stuttan tíma, sbr. meginreglu 34. gr. þágildandi laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og 2. og 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 625/1987, enda ber að fallast á með stefnda, að annað úrræði hafi ekki verið tiltækt, eins og á stóð. Er því ekki grundvöllur fyrir bótakröfum áfrýjanda, og ber þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum hennar. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms því staðfest um annað en gjafsóknarkostnað.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður um annað en gjafsóknarkostnað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. apríl 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. apríl sl., er höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. mars 1993, af Hildu Hafsteinsdóttur, kt. 170749-3839, Kleppsvegi 56, Reykjavík, gegn Þorsteini Pálssyni dómsmálaráðherra og Friðriki Sophussyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til greiðslu bóta, að fjárhæð 1.000.000 kr., ásamt hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum frá þingfestingardegi til greiðsludags svo og málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur lögbundna gjafsókn skv. 178. gr. laga nr. 19/1991.

Af hálfu stefndu er þess krafist, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi hennar að mati dómsins. Til vara er krafist lækkunar á stefnukröfu og að í því tilviki verði málskostnaður látinn falla niður.

Dómur var áður kveðinn upp í máli þessu 2. september 1994. Með dómi Hæstaréttar 2. mars 1995 var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til munnlegs málflutnings og uppsögu dóms að nýju. Munnlegur málflutningur fór fram 10. apríl 1995, og var málið dómtekið að honum loknum.

I.

Stefnandi kveður málsatvik vera þau, að hún hafi undanfarin ár margsinnis verið handtekin af lögreglunni í Reykjavík og vístuð í fangaklefa næturlangt, allt frá árinu 1988.

Þau tilvik, sem hér um ræðir, kveður stefnandi vera þessi:

1. Hinn 31. janúar 1988 komu tveir leigubifreiðastjórar með stefnanda í Ár-

- bæjarstöð lögreglunnar og héldu því fram, að stefnandi hefði neitað að greiða fyrir akstur. Var stefnandi úrskurðuð í geymslu.
2. Hinn 18. maí 1990 kom stefnandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þar töldu lögreglumenn, að stefnandi hefði í frammi drykkjulæti, og vistuðu hana í fangageymslu.
 3. Hinn 8. desember 1990 kom stefnandi á lögregluvarðstofuna við Hverfisgötu. Töldu lögreglumenn, að stefnandi væri með stóryrði og gerði sig líklega til að ráðast að lögreglumönnum. Var stefnandi vistuð í fangageymslu.
 4. Hinn 11. janúar 1991 var stefnandi handtekin við Hótel Sögu af lögreglunni í Reykjavík og vistuð í fangageymslu.
 5. Hinn 19. janúar 1991 kom stefnandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Hefur varðstjórinn haldið því fram, að stefnandi hafi kallað hann „hórunga og gelding“. Hafi stefnandi verið handtekin og vistuð í fangageymslu.
 6. Hinn 24. júní 1991 kom stefnandi á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Töldu lögreglumenn stefnanda hafa verið með hávaða og frekju. Var stefnandi handtekin og vistuð í fangageymslu.

Stefnandi heldur því fram, að í öllum framangreindum tilvikum hafi lögreglan haldið því fram, að stefnandi hafi verið ölvuð og ástæður handtöku og vistunar í fangaklefa verið ölvun, drykkjulæti, árásarhneigð og svívirðingar. Þessum ástæðum handtöku og vistunar mótmælir stefnandi. Hún kveðst aldrei hafa verið kölluð til skýrslutöku vegna fyrrgreindra atvika og ekki vera kunnugt um, að rannsókn hafi farið fram að öðru leyti.

Með bréfi lögreglunnar í Reykjavík, dags. 14. september 1992, hafi því verið lýst yfir af hálfu lögreglunnar, að ekkert frekar yrði aðhafst í þeim málum, sem hér hafa verið tilgreind.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að hún hafi sætt ólögmetri handtöku og fangelsun af hálfu lögreglunnar, sem hafi á engan hátt verið réttlætt. Telur stefnandi, að lögreglan í Reykjavík hafi lagt sig í einelti árum saman.

Stefnandi telur sig hafa hlotið af þessu mikil óþægindi og miska. Sé stefnukrafa, að fjárhæð 1.000.000 kr., því síst of há.

Að því er varði lagarök, sé vísað til XXI. kafla laga nr. 19/1991. Í munnlegum málflutningi var enn fremur vísað til 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, 5. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, nú lög nr. 62/1994, 4. mgr. 61. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. VI. kafla laga nr. 19/1991.

II.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að ekkert komi fram í þeim skjölum, sem lögð séu fram af hálfu stefnanda, er talist geti grundvöllur undir þeim bótakröfum, sem fram séu settar. Þær séu raunar með öllu órökstuddar og sé mótmælt sem slíkum.

Öll afskipti, sem lögreglan hafi haft af stefnanda og ljós verði af þeim gögnum, er fyrir liggi, séu í fullu samræmi við lög og reglur, sem lögreglunni beri að fara eftir, og sé þar rétt að nefna lög nr. 39/1964 um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, áfengislög nr. 82/1969 með síðari breytingum og lög nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

Þegar af þessum ástæðum beri að sýkna stefndu. Séu þessar ástæður ekki taldar nægja til sýknu, blasi við, að krafa stefnanda sé fyrnd. Er um það vitnað til 157. gr. laga nr. 74/1974 og 181. gr. laga nr. 19/1991. Fyrning bótakröfu sé sex mánuðir frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því er aðili hafi verið látinn laus úr refsivist. Eins og mál þetta liggi fyrir, hafi borið að telja fyrningarfresti frá 31. janúar 1988, 18. maí 1990, 8. desember 1990, 11. janúar 1991, 19. janúar 1991 og 24. júní 1991 eftir atvikin, sbr. upptalningu á handtöku, sem fram komi í stefnu á bls. 1-2. Frá sérhverri þessara dagsetninga hafi stefnandi getað hafist handa um kröfugerð á hendur stefndu, en látið það hjá líða. Sé fráleitt, að unnt sé að skjóta á undan sér upphafsdegi fyrningar svo lengi sem verða vill með því að skrifa fyrirspurnarbréf um lok tiltekinna mála, sem augljóslega hafi aldrei gefið tilefni til sérstakrar rannsóknar. Eins og þarna hafi verið ástatt, hafi málum bersýnilega lokið, þegar aðili hafi verið látinn laus úr refsivist (sic).

Það sé því andstætt túlkun á 157. gr. laga nr. 74/1974 og þeirri fyrirætlun, sem í henni felist, sbr. einnig 181. gr. laga nr. 19/1991, að miða upphaf hins lögboðna fyrningarfrests við svarbréf lögreglu, dagsett 14. september 1992.

Mál þetta sé höfðað að þarflausu, en skv. 178. gr. laga nr. 19/1991 hafi stefnandi hér lögbundna gjafsókn. Telja verði, að þannig sé að máli þessu staðið af hálfu lögmanns stefnanda, að svipta beri hann málflutningslaunum úr ríkissjóði, sbr. Hrd. 1957, 718. Krafa um lækkun á stefnukröfum sé á því reist, að hún sé algerlega órökstudd tölulega.

Þess sé krafist, að stefndu verði dæmdur ríflegur málskostnaður, með vísan til 131. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

III.

Handtökur þær, er mál þetta fjallar um, fóru fram 31. janúar 1988, 18. maí 1990, 8. desember 1990, 11. janúar 1991, 19. janúar 1991 og 24. júní 1991. Í öll-

um tilvikum var ástæða vistunar ætluð framkoma stefnanda í ölvunar-ástandi, þar af í fjórum tilvikum ónæði á lögreglustöð, þar sem hún hafði komið að eigin frumkvæði. Vistun vegna ölvunarástands krefst almennt ekki rannsóknar af hálfu hins opinbera, sé ekki um það að ræða, að afbrot hafi verið framið af hinum ölvaða aðila. Ekki kemur fram í skjölum málsins, að um neitt slíkt hafi verið að ræða í tilviki stefnanda. Vistun vegna ölvunarástands varir yfirleitt í nokkrar klukkustundir eða næturlangt. Virðist svo hafa verið í tilviki stefnanda. Greind vistun stefnanda í fangaklefa gaf þannig samkvæmt því, sem fram kemur í skjölum málsins, ekki tilefni til frekari rannsóknar á atferli stefnanda.

Stefna í máli þessu var birt 12. mars 1993 og málið þingfest 18. sama mánaðar. Voru þá tæp tvö ár liðin frá síðustu handtöku. Sá, sem neyta vill heimildar til að krefjast bóta vegna ætlaðrar ólögmætrar handtöku samkvæmt 157. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 181. gr. laga nr. 19/1991, skal neyta þeirrar heimildar, áður en sex mánuðir eru liðnir frá vitneskju aðila um ákvörðun um niðurfall rannsóknar eða ákæru eða uppkvaðningu sýknudóms eða frá því er aðili var látinn laus úr refsivist. Eins og máli þessu er háttað, byrjar fyrningarfrestur að líða í hvert sinn, er stefnandi er látinn laus úr haldi. Kærur stefnanda og kvartanir jafngilda ekki bótakröfu í skilningi 157. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 181. gr. laga nr. 19/1991. Fyrirspurn af hálfu stefnanda um afdrif framangreindra mála hennar, dagsett 9. september 1991, og svarbréf lögreglunnar í Reykjavík, dagsett 14. sama mánaðar, þykja ekki hafa áhrif á fyrningarfrest bótakröfu stefnanda. Krafa stefnanda er því fyrnd, þegar mál þetta er höfðað. Af þessari ástæðu skulu stefndu vera sýknir af kröfum stefnanda, og verður því ekki fjallað efnislega um lögmæti hverrar handtöku fyrir sig.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Stefnandi hefur gjafsókn í máli þessu. Skal þóknun lögmanns gjafsóknarhafa, Hilmars Ingimundarsonar hrl., greidd úr ríkissjóði og ákveðst 100.000 kr.

Dóminn kveður upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, dómsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, skulu sýknir af kröfum stefnanda, Hildu Hafsteinsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Þóknun lögmanns stefnanda, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 100.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.